

Ed.

285. Breytingartillögur

[14. mál]

við frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 1. gr. 1. málgr. orðist svo:
Þegar lögreglan tekur mann höndum sakir ölvunar, skal hún tilkynna nánustu vandamönnum hans aðgerðir sínar.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Reisa skal og reka á kostnað ríkisins (sbr. 17. gr) sjúkradeildir og gæzlúvistarhæli fyrir drykkjusjúkt fólk, svo mörg sem henta þykir til nauðsynlegrar aðgreiningar sjúklinga eftir kynjum, svo og eðli drykkjusýkinnar.
Að minnsta kosti ein þessara gæzlúvistarstofnana skal vera sérstaklega til þess ætluð að veita viðtöku erfiðum drykkjusjúklingum, sem dæmdir eru til hælsvistar eða sviptir sjálfræði vegna drykkjuskapar og ráðstafa þarf til langrar dvalar.
3. Við 11. gr. Í stað upphafsorðanna „Til hælsvistar skv. 9. gr. verða teknir“ komi: Til hælsvistar skv. 9. og 10. gr. verða teknir.
4. Við 12. gr. Greinin falli niður.